

# Menningarráð Vestfjarða

[www.vestfirskmenning.is](http://www.vestfirskmenning.is) – [menning@vestfiridir.is](mailto:menning@vestfiridir.is) – s. 891-7372



## Skýrsla um starfsárið 2012

# 1. Menningarráð Vestfjarða

## Grundvöllur starfseminnar

Starfsemi Menningarráðs Vestfjarða árið 2012 byggir á tveimur samningum sem undirritaðir voru 2011. Annars vegar menningarsamningi sem undirritaður var 15. apríl 2011, milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Fjórðungs-sambands Vestfirðinga fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hann fjallar um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu á árunum 2011-2013. Viðauki við þennan samning var undirritaður snemma árs 2012 og fjallar viðaukinn um framlag ríkisins til Menningarráðs á árunum 2012-2013 til að veita vestfirskum menningarstofnunum stofn- og rekstrarstyrki. Hins vegar grundvallast starf ráðsins á samningi milli sveitarfélaga á Vestfjörðum sem undirritaður var af fulltrúum sveitarfélaganna 29. júní 2011 og gildir sá samningur út árið 2013.

Einnig byggir starfsemi Menningarráðs Vestfjarða á árinu 2012 á samþykktum ráðsins sem samþykktar voru af stjórn þess í júlí 2007 og breytt á aðalfundi í september 2010. Í þeim er sagt til um vinnubrögð og verklag, stjórnarskipun, aðalfund og starfshætti almennt.

Samkvæmt samningum og samþykktum hefur Menningarráð Vestfjarða það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæðinu og standa fyrir öfluglu þróunarstarfi. Einnig að úthluta fjármagni til menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga og hafa eftirlit með framkvæmd þess samnings.

## Menningarráð Vestfjarða

Árið 2012 var stjórn Menningarráðsins skipuð fimm fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Í upphafi ársins skiptust fulltrúar milli sveitarfélaga eftir eldri reglum þannig að einn var tilnefndur sameiginlega af sveitarfélögum í Strandasýslu og Reykhólahreppi, einn fulltrúi var frá Vestur-Barðastrandarsýslu, einn fulltrúi kom frá Bolungarvík og Súðavíkurreppi og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ.

Í upphafi árs og fram að Fjórðungspingi Vestfirðinga 5. október voru eftirtaldir fulltrúar í Menningarráði Vestfjarða:

**Leifur Ragnar Jónsson** á Patreksfirði, formaður (tilnefndur af Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi)

**Gerður Eðvarsdóttir** á Ísafirði, varaformaður (tilnefnd af Ísafjarðarbæ)

**Jóna Benediktsdóttir** á Ísafirði (tilnefnd af Ísafjarðarbæ)

**Katrín Gunnarsdóttir** í Bolungarvík (tilnefnd af Bolungarvík og Súðavíkurreppi)

**Arnar S. Jónsson** á Hólmavík (tilnefndur af Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Reykhólahreppi)

Á Fjórðungspingi Vestfirðinga var síðan í fyrsta skipti kosið nýtt ráð í einu lagi, til tveggja ára. Var sú aðferð í samræmi við breytingu á samþykktum Menningarráðsins sem samþykktar voru á aðalfundi 2010. Í Menningarráð voru kosnir eftirtaldir fulltrúar:

**Ásgerður Þorleifsdóttir**, Ísafjarðarbæ

**Kristján Andri Guðjónsson**, Ísafjarðarbæ  
**Sigrún Bragadóttir**, Bolungarvíkurkaupstað  
**Arnar S. Jónsson**, Strandabyggð  
**Matthías Ágústsson**, Vesturbyggð

Varamenn í Menningarráð Vestfjarða voru kjörnir:

**Sturla Páll Sturluson**, Ísafjarðarbæ  
**Fjölur Ásbjörnsson**, Ísafjarðarbæ  
**Dagbjört Hjaltadóttir**, Súðavíkurhreppi  
**Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir**, Reykhólahreppi  
**Guðrún Leifsdóttir**, Vesturbyggð

Á fyrsta fundi nýja ráðsins 17. desember 2012 var Ásgerður Þorleifsdóttir kjörin formaður og Arnar S. Jónsson varaformaður.

Menningarráð ákveður áherslur við styrkúthlutanir hverju sinni og jafnframt sér stjórn ráðsins alfarið um að fara yfir umsóknir og ákveða úthlutun styrkja. Oft er gert ráð fyrir vinnu stjórnar Menningarráðsins á milli funda. Stjórnarmenn fylgjast einnig með menningarlífinu á sínu svæði og framvindu verkefna sem styrkt hafa verið.

Stjórnin fékk í upphafi árs 2012 laun fyrir störf sín sem miðast við þingfararkaup. Greitt fyrir setna fundi og fá stjórnarmenn 3,25% af þingfararkaupi og formaður 4,25% fyrir hvern fund. Á aðalfundi 2012 var samþykkt að nefndarlaun yrðu óbreytt.

## **Menningarfulltrúi Vestfjarða**

Jón Jónsson á Kirkjubóli á Ströndum er menningarfulltrúi Vestfjarða og hefur gegnt því starfi frá árinu 2007. Jón er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað að margvíslegum menningarverkefnum víða um land, ráðgjöf og ritstörfum, sýningarhönnun og safnamálum. Jón var stundakennari í þjóðfræði við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri eigin fyrirtækis, Sögusmiðjunnar, áður en hann hóf störf sem menningarfulltrúi.

Menningarráð Vestfjarða hefur aðsetur og skrifstofu í Þróunarsetrinu á Hólmavík að Höfðagötu 3.

## **2. Starfsemi Menningarráðs Vestfjarða 2012**

### **Helstu verkefni 2012**

Á árinu 2012 voru haldnir 6 stjórnarfundir hjá Menningarráði Vestfjarða, auk aðalfundar sem haldinn var í tengslum við Fjórdungsping Vestfirðinga á Bíldudal þann 5. október. Mæting á aðalfundinn var góð. Þar mættu, auk menningarfulltrúa og fulltrúa stjórnar Menningarráðsins, fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum, en þeir fara með atkvæðisrétt á aðalfundi í takt við íbúafjölda 1. desember árið áður, samkvæmt samþykktum ráðsins. Á aðalfundi eru kynntir reikningar Menningarráðsins, ársskýrsla, fjárhagsáætlanir fyrir yfirstandandi ár og næsta ár og þóknun stjórnar ákveðin.

Á árunum 2011 og 2012 hafði farið fram mikið starf með það að markmiði að sameina stoðkerfi atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum. Hafði niðurstaða á aukapingi Fjórðungssambands Vestfirðinga haustið 2011 verið sú að sameina rekstur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga um áramótin 2011-2012 og síðan myndu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarráð Vestfjarða sameinast þeirri stofnun í lok árs 2012. Ekki náðist samstaða um sameiningu Atvinnuþróunarfélagsins og Fjórðungssambandsins, en rekstur Markaðsstofu og Menningarráðs var sameinaður Fjórðungssambandinu á þeim tíma sem að var stefnt, um áramótin 2012-2013.

Ekki var andstaða við þessa tilhögun á vettvangi Menningarráðs Vestfjarða og á aðalfundi ráðsins á Bíldudal 5. október var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur Menningarráðs Vestfjarða haldinn á Bíldudal 5. október 2012 samþykkir að rekstur Menningarráðs Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga verði sameinaður frá 1. janúar 2013.

Stjórn Menningarráðs Vestfjarða verði falið að vinna að og undirbúa sameiningu á rekstri í samstarfi við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.“

Snemma á árinu 2012 var skrifað undir viðauka við menningarsamning milli Fjórðungssambands Vestfirðinga og mennta- og menningarmálaráðuneytis um framlag til stofn- og rekstrarstyrkja. Þetta kom til í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á vinnutilhögun fjárlaganefndar Alþingis sem hætti við sama tækifæri til úthluta styrkjum til menningarverkefna á grundvelli umsókna til nefndarinnar.

Í tengslum við þessa breytingu stóð Menningarráð Vestfjarða fyrir kynningu á starfsemi og styrkjum ráðsins og stuttu námskeiði um umsóknagerð. Kynningarfundirnir og námskeiðin voru haldin í marsmánuði í öllum þéttbýlisstöðum Vestfjarða; Drangnesi, Reykhólum, Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Hólmavík, Ísafirði, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og Súðavík.

Allir voru boðnir hjartanlega velkomnir á kynninguna og námskeiðin, ekki þurfti að skrá sig sérstaklega og þátttaka var þeim sem mættu að kostnaðarlausu. Alls mættu 62 einstaklingar á þessa kynningarfundir og námskeið, 26 konur og 36 karlar, en markmiðið í upphafi var að fá 60 þátttakendur. Best var mætingin á kynninguna á Þingeyri. Fyrir þá sem ekki komust á fundina voru glærur af kynningunni einnig settar upp á vef Menningarráðsins.

Listamannaþing og aðalfundur Félags vestfirskra listamanna var haldið í félagsheimlinu í Bolungarvík 12. maí. Menningarráðið stóð að listamannaþinginu með félaginu. Fluttar voru kynningar á listgreinum og aðstöðu listamanna á Vestfjörðum, auk þess sem fengnir voru afbragðs fyrirlesarar til að koma og tala á þinginu – Sigurður Skúlason leikari og Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur. Síðar um daginn flutti Sigurður Skúlason einleikinn „Hvílíkt snilldarverk er maðurinn“ og um kvöldið spilaði Húsið á sléttunni fyrir dansi.

Þetta var annar aðalfundur Félags vestfirskra listamanna, en félagið var stofnað fyrir ári síðan með öflugum stuðngi menningarráðsins. Félagar eru nú þegar orðnir á annað

hundrað talsins. Haustið 2012 gaf félagið út veglegt tímarit í annað sinn, List á Vestfjörðum, með stuðningi Menningarráðs Vestfjarða. Miklar vonir eru bundnar við starfsemi þessa vestfirska listamannaklasa í framtíðinni.

Menningarfulltrúi hélt á árinu nokkra fyrirlestra um menningartengd málefni innan Vestfjarða og utan, meðal annars á málþingum á Reykholti og Grenivík. Menningarfulltrúi er ávallt reiðubúinn til að flytja fyrirlestra eða hafa framsögur á fundum þegar óskað er og sama gildir um þátttöku í hugmyndavinnu og skipulagsfundum menningarstofnana. Í fyrirlestrum og kynningum menningarfulltrúa er yfirleitt fjallað um listir og menningarmál, menningartengda ferðapjónustu, en einnig um ímynd og sjálfsmynd íbúa á landsbyggðinni. Oft er rætt um framtíðina, sóknarmöguleika og tækifæri, bæði almennt og í einstökum byggðum.

Þá hefur menningarfulltrúi tekið virkan þátt í fundum og málþingum um stefnumótun og atvinnumál almennt. Áherslan er þá yfirleitt lögð á samspil menningar og lista, menningarstofnanna, fræðimanna og fræðasetra, rannsókna og ferðapjónustu á landsbyggðinni og möguleika sem slíkt samspil hefur í för með sér við fjölgun skapandi starfa.

Menningarfulltrúi tók að sér verkefnastjórn fyrir verkefnið Þjóðleikur á Vestfjörðum haustið 2012, en Þjóðleikur er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og menningarráða á landsbyggðinni sem haldið er á tveggja ára fresti. Kynningarfundir voru haldnir um verkefnið og það kynnt á vef og með fréttatilkynningum. Þrátt fyrir að töluverð vinna væri lögð í að fá hópa til þátttöku varð niðurstaðan sú að aðeins einn einn leikhópur á Vestfjörðum tók þátt í Þjóðleik nú í fyrsta skipti sem Vestfirðingum gafst kostur á að vera með. Sameinuðust Vestfirðingar, Norðurland vestra og Eyþing um leiklistarhátíð á Akureyri.

Vonir eru bundnar við að verkefnið Þjóðleikur á Vestfjörðum eflist, enda er þetta skemmtilegt og þroskandi leikhúsverkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 13-20 ára, kjörið fyrir leikfélög, skóla eða jafnvel vinahópa. Þjóðleikur á Vestfjörðum er með síðu á Facebook sem allir áhugamenn um leiklist á landsbyggðinni eru hvattir til að tengjast: [www.facebook.com/ThjodleikurVestfjordum](http://www.facebook.com/ThjodleikurVestfjordum).

Fleiri samstarfsverkefni voru í burðarliðnum á árinu 2012 og fundað vegna þeirra. Þar á meðal var fundað um samstarfsverkefni Menningarráðanna og Stofnunar Árna Magnússonar, rætt um barnabókmenntahátíð á landsvísu og fundað um sameiginlegt ráðstefnuhald um handverk og hönnun í samvinnu við Handverk og hönnun og menningaráðanna á Norðurlandi vestra, Vesturlandi og Vestfjörðum.

Menningarráð tók virkan þátt í vinnu í samstarfsvettvangi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2013. Fulltrúar úr ráðinu sátu undirbúningsfundi á þremur svæðum Vestfjarða og Menningarráðið skipaði svo Ásgerði Þorleifsdóttur og Arnar S. Jónsson sem fulltrúa sína í samstarfsvettvang um Sóknaráætlun Vestfjarða 2013. Menningarfulltrúi sat einnig í þeim hópi, en fyrsti fundur þess samráðsvettvangs var 17. desember.

Drjúgur tími menningarfulltrúa Vestfjarða fer í að aðstoða aðila við hugmyndavinnu og áætlanagerð. Einnig við að veita aðstoð við að sækja um verðlaun eða fjármagn til

verkefna út fyrir svæðið. Tengdist sú vinna umsóknum í ýmis átaksverkefni og sjóði, innlenda og erlenda.

Á árinu 2012 var áfram unnið að því að kynna Menningarráðið. Vefsíða ráðsins er á slóðinni [www.vestfirskmenning.is](http://www.vestfirskmenning.is) og þar er að finna upplýsingar um Menningarráðið, starfsemi þess og fregnir af styrkjum, eyðublöð og umsóknarform, ásamt tenglabretti inn á vestfirska menningarvefi. Ráðið er einnig með síðu á samskiptavefnum Facebook með yfir 1200 aðdáendur og notar hana með markvissum hætti til að ná til sem flestra lykilaðila í menningarlífinu á Vestfjörðum.

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa með sér samstarf og hittast reglulega. Þann 25. janúar 2012 funduðu formenn menningarráðanna á landsbyggðinni einnig með menningarfulltrúum í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík og ræddu um starfsemina og sameiginleg verkefni og baráttumál. Samstarf sem þetta er mjög gagnlegt.

### **Tekjur og ráðstöfun þeirra**

Tekjur Menningarráðs árið 2012 voru framlög ríkisvaldsins, samtals 24,5 milljónir, framlög sveitarfélaga og vaxtatekjur sem reiknaðar voru í lok árs af innistæðu á bankareikningum. Framlag sveitarfélaganna á móti þessu var 9.900.000.- Tekjur voru nýttar til reksturs Menningarráðsins, skrifstofu og starfsmanns, funda og ferða, auk styrkja til menningarverkefna.

Á árinu 2012 bættist síðan við með viðaukasamningi við menningarsamning ríkis og sveitarfélaga framlag frá ríkinu að upphæð 11,4 milljónir sem gekk að öllu leyti til stofn- og rekstrarstyrkja til vestfirskra menningarstofnanna. Ekki er um að ræða mótframlag frá sveitarfélögum vegna þessa viðbótarfjármagns til Menningarráðsins.

## **3. Úthlutun styrkja 2012**

### **Stofn- og rekstrarstyrkir**

Menningarráð Vestfjarða auglýsti í fyrsta skipti eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana á Vestfjörðum á árinu 2012 og var umsóknarfrestur auglýstur til og með 30. mars. Þetta var gert á grundvelli viðauka við menningarsamning milli ríkisins og Fjórðungssambands Vestfirðinga sem undirritaður var snemma á árinu. Áður var úthlutun þessara stofn- og rekstrarstyrkja frá ríkisvaldinu í höndum fjárlaganefndar Alþingis, en hún hefur nú hætt úthlutun á styrkjum til ýmissa stofnana og verkefna á grundvelli umsókna til nefndarinnar.

Til ráðstöfunar í stofn- og rekstrarstyrki voru samtals 11,4 milljónir. Upphæðin olli Menningarráði og menningarstofnunum á Vestfjörðum nokkrum vonbrigðum, en fjárlaganefnd hafði ráðstafað umtalsvert hærri upphæð til menningarstarfsemi og uppbyggingar á Vestfjörðum síðustu árin.

Hluti af því fjármagni sem fjárlaganefnd Alþingis ráðstafaði áður til menningarverkefna var nýttur í að styrkja aðra opinbera sjóði, s.s. Safnasjóð og Húsafríðunarsjóð. Þá fékk mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagn til að ráðstafa til menningar-

starfsemi á grundvelli umsókna sem bárust ráðuneytinu. Við þá úthlutun var einkum horft til þeirra aðila og verkefna sem áttu ekki möguleika á styrk frá menningarráðum landshlutanna eða úr öðrum opinberum sjóðum.

Umsækjendur þurftu að skila ítarlegum upplýsingum um starfsemi sína, þar á meðal síðasta ársreikningi. Menningarráð Vestfjarða ákvað að við úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja 2012 verði horft sérstaklega til umsækjenda sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða, en áhersluatriðin eru tekin upp úr viðauka við menningarsamning milli ríkis og sveitarfélaga:

# Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs.

# Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi.

# Styðja við menningarstarfsemi sem fjölga atvinnutækifærum á svæðinu.

Alls bárust 40 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki til Menningarráðs Vestfjarða og var beðið um framlög að upphæð rúm 81 milljón. Að þessu sinni fengu 11 aðilar stuðning, samtals að upphæð 11,4 milljónir. Voru upphæðir framlagsins frá Menningarráði Vestfjarða á bilinu 600 þúsund til 1,4 milljónir. Menningarráðið hefði gjarnan viljað hafa meira fjármagn til ráðstöfunar í þessa styrki og hefði gjarnan viljað veita bæði hærri styrki og fleiri. Það var erfitt verkefni að velja milli margra góðra umsókna, enda má ljóst vera að framlög frá fjárlaganefnd hafa í mörgum tilvikum ráðið úrslitum um rekstrarhæfni og uppbyggingu hjá menningarstofnunum á landsbyggðinni síðustu árin.

Þær stofnanir sem fengu stofn- og rekstrarstyrki árið 2012 eru:

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum 1.400.000.-

Melrakkasetur Íslands 1.400.000.-

Menningarmiðstöðin Edinborg 1.000.000.-

Strandagaldur ses 1.000.000.-

Félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal 1.000.000.-

Félag áhugamanna um víkingaverkefni á slóðum Gísla Súrssonar 1.000.000.-

Félag áhugamanna um stofnun Skrímslaseturs 1.000.000.-

Ósvör - sjóminjasafn 1.000.000.-

Sauðfjársetur á Ströndum ses 1.000.000.-

Össusetur Íslands 1.000.000.-

Listakaupstaður 600.000.-

## **Styrkveitingar til menningarverkefna 2012**

Menningarráð ákvað að auglýsa aðeins einu sinni eftir styrkumsóknum til verkefnastyrkja á árinu 2012 og var frestur til að sækja um verkefnastyrki til 10. apríl. Sérstakar úthlutunarreglur eru kynntar hverju sinni og hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsókna og koma fram í þeim helstu áherslur Menningarráðsins. Ennfremur kemur þar fram hvers konar verkefni eiga ekki möguleika á styrk. Ráðið leggur áherslu á að verkefnastyrkir renni til afmarkaðra menningarverkefna.

Við úthlutun kjverkefnastyrkja 2012 var samkvæmt ákvörðun Menningarráðs Vestfjarða horft sérstaklega til verkefna sem uppfylltu eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

# Verkefni sem efla samstarf á sviði menningarmála á Vestfjörðum.

- # Verkefni sem stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdum verkefnum.
- # Verkefni sem fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar.
- # Menningarstarfsemi sem styður við ferðabjónustu.

Að þessu sinni eru veitt framlög til 33 verkefna, samtals að upphæð 19.130.000.- Verkefnastyrkirnir eru á bilinu 90 þúsund til 1,5 milljón, en það var verkefni Minjasafnsins á Hnjóti sem ber yfirskriftina Björgunarafrekið við Látrabjarg sem fékk hæsta styrkinn að þessu sinni. Alls bárust 107 umsóknir og eins og venjulega var í þeim hópi mikill fjöldi góðra umsókna og spennandi verkefna. Við vinnuna að úthlutunarferlinu að þessu sinni sat Inga S. Ólafsdóttir í stjórn Menningarráðs Vestfjarða sem varamaður Gerðar Eðvarsdóttur.

Við afgreiðslu umsókna var lögð áhersla á að saman færi áhugavert verkefni og vönduð umsókn. Stjórn ráðsins lítur svo á að eðlilegast sé að hver umsóknir fyrir sig sé skoðuð sjálfstætt, en þær séu einnig bornar saman og metnar á samkeppnisgrundvelli. Síður er tekið tillit til annarra þátta eins og t.d. staðsetningar verkefna eða einhvers konar jöfnunarsjónarmiða.

Þau verkefni sem fengu styrki 2012 eru (umsækjandi er innan sviga):

Björgunarafrekið við Látrabjarg (Minjasafnið á Hnjóti) 1.500.000.-  
 Starf og viðburðir í Menningarmiðstöðinni Edinborg árið 2012 (Menningarmiðstöðin Edinborg) 1.000.000.-  
 Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildamynda 2012 (Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildamynda) 1.000.000.-  
 Act alone 2012 (Act alone) 1.000.000.-  
 Þjóðleikur á Vestfjörðum (Þjóðleikur) 1.000.000.-

Hrafna-Flóki söngleikur (Vestfirska skemmtifélagið) 800.000.-  
 Pönk á Patró, tónlistarhátíð fyrir börn og með börnum (Pönk á Patró – Tónlistarhátíð) 800.000.-  
 Sálin hans Muggs míns (Kómedíuleikhúsið) 800.000.-  
 Galdrastafir (Ragnar Ingi Hrafnkelsson & Smári Gunnarsson) 800.000.-  
 Sögulegar vestfirskar stuttmyndir (Gláma) 800.000.-

Arnarsetur Íslands - sýning (Össusetur Íslands ehf) 700.000.-  
 Hvalabeinin úr Skrúð og hvalveiðar á Vestfjörðum (Framkvæmdasjóður Skrúðs) 700.000.-

Krummi á alla kanta (Náttúrugripasafn Bolungarvíkur) 690.000.-  
 List á Vestfjörðum 2012 (Félag vestfirskra listamanna) 600.000.-  
 Grunnssýning um Stein Steinarr í Steinshúsi (Sögumiðlun ehf) 600.000.-  
 Vestfirsk ljósmyndabók (Eyþór Jóvinsson) 600.000.-  
 Frásagnasafnið – lokaáfangi (Þjóðfræðistofa) 600.000.-  
 Rauðasandur Festival (Rauðasandur Festival) 600.000.-

Flókatóftir (Vesturbyggð) 500.000.-  
 Listamaðurinn með barnshjartað - leiksýning (Kómedíuleikhúsið) 500.000.-  
 Safn sem hýsir sögu kvennamenningar og lista (Kvenfélagið Ósk) 500.000.-



Hagleiksmaðurinn Þorsteinn Magnússon og aðrar sérsýningar Sauðfjárseturs á afmælisári þess (Sauðfjársetur á Ströndum ses) 500.000.-

One Scene (Fjölur Mór Baldursson) 400.000.-

Sýning um skinnklæði (Sandra Borg Bjarnadóttir) 400.000.-

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum - viðbætur (Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf) 350.000.-

Tónlist frá ýmsum hliðum (Fræðslumiðstöð Vestfjarða) 300.000.-

Strandastelpa - frá Yangjiang norður í Trékyllisvík (Ingibjörg Valgeirsdóttir) 250.000.-

Harpa og Ragna: Arnarfjörður (Markús Þór Andrés�on) 200.000.-

Einstök sýning - Sigurlaug Jónasdóttir (Gíslastaðir) 200.000.-

Allir eitt – ljósmyndasýning (Hótel Laugarhóll) 150.000.-

Götulistanámskeið á Ísafirði (Lisbet Harðard. Ólafardóttir) 100.000.-

Líf og list Þórdísar Egilsdóttur (Sigrún Gunnarsdóttir) 100.000.-

Dansi dansi dúkkan mín (Jósefína Guðrún Gísladóttir) 90.000.-

## **Samningar við styrkþega og eftirfylgni**

Eftir að verkefni fá styrk frá Menningarráði er gerður samningur um greiðslu styrksins í tveimur hlutum. Fyrri hluti er greiddur þegar staðfest hefur verið að vinna við verkefni er hafin og samningur um stuðninginn hefur verið gerður og undirritaður. Síðari hluti styrks er greiddur eftir að áfanga- eða lokaskýrsla hefur verið skilað, svo framarlega að öllum formsatriðum sé fullnægt. Þessi skýrsla þarf að innihalda ýmsar upplýsingar um stöðu verkefnis, mat á ávinningi og árangri, auk yfirlits yfir kostnað og tekjur.

Ef lokaskýrsla er ófullnægjandi eða ótrúverðug er beðið um frekari upplýsingar áður en til greiðslu kemur og jafnvel um aðgang að bókhaldsgögnum verkefna.

## **4. Breytingar í árslok 2012**

### **Sameining Fjórðungssambands og Menningarráðs**

Umtalsverð breyting varð á starfsemi Menningarráðs Vestfjarða í lok árs 2012, en þá sameinaðist Menningarráðið og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Menningarfulltrúi er eftir breytinguna starfsmaður Fjórðungssambandsins, en vinnur áfram að sömu verkefnum. Út á við verður starfsemin með líku sniði og fjármagn til ráðstöfunar í styrki verður svipað 2013 og árið 2012.

Hlutverk Menningarráðs breytist og það verður nær því að vera úthlutunarnefnd og ráðgefandi ráð, en stjórn Fjórðungssambands er nú stefnumótandi aðili og tekur allar stærri ákvarðanir.

Ekki er vitað hvað verður um fyrirætlanir um sameiningu menningarsamninga og vaxtarsamninga og stuðning ríkis við landshlutasamning í einum farvegi, sem lýst var í

pappírurum sem birtir hafa verið í tengslum við gerð Sóknaráætlunar 20/20 á vegum ríkisins. Menningarsamningar renna út í lok ársins 2013, en líklegt hlýtur að teljast að framlög til menningarverkefna á landsbyggðinni frá ríki og sveitarfélögum haldi sér, hvert sem fyrirkomulagið á þeim verður. Menningarstarfið er svo mikils virði fyrir byggðapróun, mannlíf og atvinnulíf á landsbyggðinni. Aukið fjármagn til menningarverkefna og menningarstofnana myndi með sama hætti hafa margvísleg jákvæð áhrif.

Meðal fyrirbyggjandi verkefna sem Fjórðungssamband Vestfirðinga þarf að ráðast í á vettvangi menningarmála á næstu misserum er að endurnýja menningarstefnu fyrir Vestfirði frá árinu 2007, sem er orðin barn síns tíma.

## 5. Menningarmál á Vestfjörðum

Umtalsverður árangur er sýnilegur af starfi og styrkjum Menningarráðs Vestfjarða. Margvísleg verkefni hafa orðið að veruleika sem varla hefði tekist ef ekki hefði komið til stuðningur ráðsins. Til starfsemi ráðsins má í ýmsum tilvikum rekja ýmsa uppbyggingu, aukna fagmennsku, gæðapróun og fjölgun skapandi starfa í fjórðungnum. Það er einnig ljóst að nálægð Menningarráðsins við styrkþega og þekking á starfsemi og árangri einstakra stofnana, fyrirtækja og félaga, leiðir til þess að fjármagnið nýtist betur, en ef fjarlægðin væri meiri.

Staða menningarlífs í fjórðungnum er að mörgu leyti sterk og hefur umtalsverð jákvæð áhrif á ímynd Vestfjarða og sjálfsmýnd Vestfirðinga. Sem lítið dæmi um sterka stöðu menningarstarfs á Vestfjörðum má taka að tvö af þremur verkefnum sem tilnefnd voru til Eyrarrósarinnar 2012 sem framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni voru af Vestfjörðum; Tónlistarhátíðin Við Djúpið og Sjóræningjahúsið á Patreksfirði.

Ríkisvaldinu og sveitarfélögum á Vestfjörðum er þakkað fyrir stuðninginn við Menningarráð Vestfjarða á árinu 2012.